

Sumarfjör

Starfsmaður á leikjanámskeiði

Sumarfjör Vestmannaeyjabæjar er leikjanámskeið fyrir börn í 1-4 bekk. Í starfinu er lögð rík áhersla á gleði, skemmtun, samveru, leiki og hreyfingu.

Starfshlutfall: 70-80%

Vinnufyrirkomulag: Vinnutími er að jafnaði frá 09:00-12:00 og 13:00-16:00 á virkum dögum.

Ráðningartímabil: 10. júní – 19. júlí (möguleiki á að viðkomandi fái einnig starf á öðrum tíma sumars í umhverfisverkefnum)

Helstu verkefni: Starfsmaður starfar á leikjanámskeiðum fyrir börn undir stjórn umsjónarmanns frístundar. Starfar að mestu utandyra. Á í samskiptum við forráðamenn og sér um skráningu barna.

Hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að vera metnaðarfullur, ábyrgur, áhugasamur, lipur í samskiptum og tilbúinn í öflugt samstarf, með velferð og þroska barna að leiðarljósi.
- Æskilegt er að hafa reynslu og áhuga á að vinna með börnum
- Góð samskiptafærni og þjónustulund.
- Frumkvæði og samviskusemi.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð.
- Skyndihjálparnámskeið barna er kostur.

Kjarasamningur: Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Anna Rós Hallgrímsdóttir skólastýra GRV-Hamarsskóla annaros@grv.is og/eða Sigurleif Kristmannsdóttir umsjónarkona frístundar sigurleif@grv.is